
Eyðing sláturúrgangs í Kjötafurðastöð KS, Skagafirði Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 29. júní 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki um fyrirhugaða eyðingu sláturúrgangs í kjötafurðastöðinni samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11.14 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Skagafirði með bréfi dags. 27. júlí 2015 og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með tölvupósti dags. 22. júlí 2015. Svör við spurningum Skipulagsstofnunar bárust með tölvupósti dags. 6. ágúst 2015.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð sé að setja upp og starfrækja búnað til eyðingar á áhættuvefjum úr sláturdýrum. Um er að ræða ofn sem verði komið fyrir í gám á lóð Kjötafurðastöðvarinnar á Sauðárkróki og krefjist uppsetning hans ekki sérstakra framkvæmda. Lóðin sé á skipulögðu iðnaðarsvæði og fjöldi iðnfyrirtækja sé staðsett í nágrenninu. Búnaðurinn brenni áhættuvefjum við háan hita í samræmi við kröfur sem gerðar séu í Evrópu. Búnaðinn sé auðvelt að setja upp á lóð fyrirtækja, við sveitabæi eða annars staðar þar sem úrgangur falli til. Þannig sé hægt að brenna úrgang sem til falli á staðnum, lágmarka flutninga og þörf fyrir stórar brennslustöðvar eða urðunarstaði. Fjöldi lítilla brennslustöðva af þessu tagi hafi verið settur upp í Evrópu, m.a. í Bretlandi. Búnaðurinn gangi fyrir olíu og verði áætlun um frágang á olíutank fyrir búnaðinn unnin í samráði við Olís og í samræmi við kröfur þar að lútandi. Ætlunin sé að eyða áhættuvefjum frá nautgripa- og sauðfjárslátrun sem falli til hjá Kjötafurðastöð KS, auk annars lífræns sláturúrgangs eftir aðstæðum. Áætlað magn í brennslu á sólarhring muni þó aldrei verða meira en sem nemi 5-6 tonnum þegar mest lætur. Mesta notkun búnaðarins verði í sláturtíð á haustin en stórgripaslátrun fari fram allt árið og sé að jafnaði slátrað aðra hverja viku.

Starfsmenn muni fá kennslu og þjálfun frá fulltrúum framleiðenda þegar búnaðurinn verði settur upp. Í stöðinni verði einungis brenndur sláturúrgangur sem til falli hjá fyrirtækinu en ekki verði tekið á móti úrgangi frá öðrum.

Mengun. Fram kemur að við brennslu á úrgangi berist útblástur frá ofninum. Í upplýsingum frá framleiðanda um útblástur kemur fram að búnaðurinn uppfylli viðmið sem sett séu í tilskipunum Evrópusambandsins. Ekkert frárennsli er frá búnaðinum og enginn úrgangur fellur til.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra að fyrirhugað framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif af völdum ónæðis og loftmengunar. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra bendir á að möguleg mengun og ónæði muni fyrst og fremst gæta á athafnasvæði Kaupfélags Skagfirðinga, í næsta nágrenni við brennsluofn og ekki verða teljandi samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda sem Umhverfisstofnun hefur yfirfarið. Sé litið til eðli framkvæmda sbr. 2 viðauka laga nr. 106/2000, þá sé fyrirhugað umfang brennslu ekki mikið, þar sem Kjötafurðastöð KS verði einungis heimilt að brenna eigin úrgang, sem ekki verði nýttur í annað.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða að setja upp og starfrækja búnað til eyðingar á áhættuvefjum úr sláturdýrum sem til falla hjá Kjötafurðastöð KS. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.14 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra og telur að mengun frá útblæstri og ónæði af völdum fyrirhugaðs brennsluofns verði óveruleg. Veldur þar mestu að umfangið er mjög lítið þar sem magnið verði innan við 6 tonn á sólarhring og er eingöngu bundið við þann úrgang sem fellur til hjá Kjötafurðastöð KS.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Kjötafurðastöð KS við tilkynningu og umsagnir vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að eyðing sláturúrgangs í Kjötafurðastöð KS sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð leyfi Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 14. september 2015.

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson